

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



Dags eftirlits	11.9.2015	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón B. Magnússon	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan starfar skv. nýju starfsleyfi útgefnu þann þann 19. mars 2015. Nú er verksmiðjuni heimilt að vinna úr 1.400 tonnum af hráefni á sólarhring í stað 1.100 tonna áður.

Tvö frávik komu fram í eftirlitsferðinni. Ryk í útblæstri olíubrennara mældist yfir starfsleyfismörkum og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2014 hefur ekki verið skilað. Minnt var á að fyrir árslok þarf að mæla hávaða frá verksmiðjuni og hraða útblásturslofts frá skorsteini.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundi með fulltrúa fyrirtækisins var farið yfir í síðustu eftirlitsskýrslu sem gerð var í kjölfar eftirlitsferðar þann 28. nóvember 2014. Í þeirri eftirlitsferð komu hvorki fram frávik né athugasemdir en minnt var á að sýni þyrfti að taka af fráveituvatni fyrir árslok 2014. Sýnataka var framkvæmd þann 8. desember 2014.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar það sem af er ári og engin mengunaróhöpp hafa orðið.

Vinnsla hefur verið nokkuð stöðug í verksmiðjuni undanfarið ár og ekki hefur komið til þess að hún hafi verið stopp í meira en mánuð. Frá áramótum hefur verksmiðjan unnið úr um það bil 125.000 tonnum af hráefni. Fram kom að síðustu vikunnar hefur verksmiðjan verið keyrð á olíu þar sem ekkert framboð er á ótryggri raforku.

Farið var yfir starfsleyfi verksmiðjunnar sem gefið var út þann 9. mars sl.

Áætlun um frágang vegna rekstarstöðvunar er til staðar í samræmi við grein 1.5 og tekur hún bæði til tímabundinnar og endanlegrar stöðvunar.

Tilkynnt er til eftirlitsaðila þegar unnið er úr hráefni með TVN yfir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í nýju leyfi eru 100 mg N/100 g í stað 120 í eldra leyfi. Alls hafa borist 5 tilkynningar frá verksmiðjuni um TVN yfir viðmiðunarmörkum það sem af er ári.

Ryk í útblæstri olíubrennara var mælt í júní í samræmi við ákvæði í grein 3.2. Niðurstöður mælinganna koma fram í skýrslu frá verkfræðistofunni Verkís sem skilað var þann 11. ágúst sl. Samhliða skýrslunni sendi fyrirtækið inn greinargerð þar sem sjónarmiðum þess varðandi framkvæmd og niðurstöður mælinganna er komið á framfæri. Ryk í útblæstri beggja olíukatlanga á Norðfirði er yfir þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 2.9.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2014 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3. Skv. sömu grein á fyrirtækið einnig að skila útstreymisbókhaldi en því hefur ekki verið skilað. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2014 átti að skila inn í síðasta lagi 1. maí 2015.

Verksmiðjan starfar eftir eigin umhverfisstjórnunarkerfi og hefur sett fram umhverfistefnu. Vísað er til hennar varðandi ákvæði í grein 4.1 um umhverfismarkmið.

Til staðar er áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar í samræmi við grein 4.4.

Gengið var um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar og það skoðað án athugasemda. Engin vinnsla var í gangi en unnið var að þrifum og viðhaldi. Fram kom að fyrirhugað er að endurnýja gólfefni í verksmiðjuni á næstunni.


ATHUGASEMDIR

Fram kom að ferskleiki hráefnis sem berst til vinnslunnar er breytilegur á milli skipa. Þannig virðist hátt TVN gildi í hráefni vera bundið við einstök skip. Mikilvægt er að farið verði yfir verklag varðandi meðferð hráefnis í þeim skipum sem um ræðir.

ANNAÐ

Minnt er á að fyrir árslok 2015 þarf að mæla hraða útblásturslofts frá skorsteini og hávaða frá verksmiðjunni.

Reykjavík, 23.09.2015



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.